



Ungt fólk & fjármálalæsi

MORGUNRÁÐSTEFNA Í HÁSKÓLABÍÓI MIÐVIKUDAGINN 29. MARS

Í tilefni af Alþjóðlegri fjármálalæsisviku standa Samtök fjármálafyrirtækja og Stofnun um fjármálalæsi fyrir ráðstefnu um fjármálalæsi ungs fólks.

Ráðstefnan fer fram í Háskólabíói, miðvikudaginn 29. mars.

Hún hefst klukkan 8:30 og stendur til kl. 10:30.

DAGSKRÁ

- **Ávarp menntamálaráðherra** – Kristján Þór Júlíusson *menntamálaráðherra slær tóninn*
- **Íslendingar og fjármálalæsi** – Breki Karlsson *forstöðumaður Stofnunar um fjármálalæsi*
- **Er ungt fólk í skuldavanda?** – Ásta Sigrún Helgadóttir *umboðsmaður skuldara*
- **Fjármálalæsi og aðalnámskrá** – Auður Bára Ólafsdóttir *ritstjóri í stærðfræði hjá Menntamálastofnun*
- **Hlutverk atvinnulífsins** – Katrín Júlíusdóttir *framkvæmdastjóri SFF*
- **Pallborðsumræður** – Halldóra Traustadóttir *forstöðumaður í Íslandsbanka stýrir umræðum:*
 - Edda Kristín Hauksdóttir *kennari í Hagaskóla*
 - Guðrún Inga Guðlaugsdóttir *fræðslustjóri Sjóvá*
 - Gunnar Baldvinsson *framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins*
 - Helga Marzellíusardóttir *leiðbeinandi á vegum Fjármálavits*
 - Kristófer Már Maronsson *hagfræðinemi*
 - Petra Bragadóttir *kennslustjóri í Fjölbrotaskólanum við Ármúla*

Dagarnir 27. mars til 2. apríl eru helgaðir fjármálalæsi ungs fólks um heim allan. Þá standa bæði yfir Alþjóðlega fjármálalæsisvikan og Evrópska peningavikan.

Alþjóðleg fjármálalæsisvika á Íslandi er hluti af alþjóðlegri vitundarvakningu sem ætlað er að vekja athygli á mikilvægi fjármálalæsismenntunar, stuðla að viðhorfsbreytingu í fjármálum

og vinna að eflingu fjármálalæsis og aðgengi ungmenna að öruggri og barnvænni fjármálaþjónustu um heim allan. Hreyfingin nýtur stuðnings margra framámanna og stofnana á heimsvísu, t.d. OECD og Sameinuðu þjóðanna.

Samhliða alþjóðlegu fjármálalæsisvikunni standa Evrópsku bankasamtökin, sem Samtök fjármálafyrirtækja eiga aðild að, að Evrópsku

peningavikunni. Tilgangur hennar er að vekja athygli á þörfinni fyrir aukið fjármálalæsi hjá ungu fólki og skapa umræðu þar um. Markmiðið er jafnframt að virkja samtök fjármálafyrirtækja í Evrópu í því að láta gott af sér leiða í þessum efnun. Samtök fjármálafyrirtækja á Íslandi taka nú þátt í Evrópsku peningavikunni í þriðja sinn með kynningu á námsefninu Fjármálaviti.